

Selfossi, 24. maí 2018

FUNDARGERÐ

Íþróttta- og menningarnefndar ÁRBORGAR

40. fundur íþróttta- og menningarnefndar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 24. maí 2018 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 06:30.

Mætt:

Kjartan Björnsson, formaður, D-lista

Axel Ingi Viðarsson, nefndarmaður, D-lista

Helga Þórey Rúnarsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir, nefndarmaður, S-lista

Estelle Burgel, nefndarmaður, Æ-lista

Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi

Formaður leitar afbrigað til að taka á dagskrá mál nr. 18051713, 18051705 og 18051712. Samþykkt samhljóða.

Bragi Bjarnason ritar fundagerð.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál

1. 18051697 - 17.júní hátíðarhöld á Selfossi 2018

Bergsveinn Theódórsson kemur inn á fundinn og fer yfir dagskrárdrög fyrir 17. júní hátíðarhöldin á Selfossi 2018. Fram kom að helstu dagskrárviðburðir væru á sínum stað líkt og opið hús í Björgunarmiðstöðinni, Selfossrútan, morgunjóga, skruðganga ofl. Dagskrá í Sigtúnsgarðinum verður eftir hádegi og þar verður öll dagskrá og leiktæki án endurgjalds fyrir íbúa og gesti. Meðal listamanna sem koma fram eru Sverrir Þór Sverrisson, Svala Björgvinsdóttir og Stjörnu Sævar. Tónleikar í Hellisskógi heppnuðust vel í fyrra og er stefnan að halda áfram með þá hugmynd í samstarfi við ungmennaráð Árborgar. Nefndinni lýst vel á dagskrárdrögin og hvetur íbúa og gesti til að taka þátt í þessum hátíðardegi okkar Íslendinga.

2. 18051713 - Byggðaskilti við hvern byggðarkjarna í Árborg

Lögð fram drög að textum sem kæmu á skilti sem yrðu sett við hvern þéttbýliskjarna í Sveitarfélaginu Árborg. Skiltunum er bæði ætlað að bjóða gesti velkomna sem og upplýsa um helstu sérkenni og afþreyingu á staðnum. Starfmanni nefndarinnar falið að vinna málið áfram eftir þeim

ábendingum sem komu fram á fundinum.

3. 18051705 - Tónsmiðja KÍTÓN á Eyrarbakka haust 2018

Lagt fram erindi frá Kítón, félagi kvenna í tónlist um tónsmiðju á Eyrarbakka haustið 2018. Nefndin tekur vel í hugmyndina og felur starfsmanni að ræða við fulltrúa Kítón til að fá nánari upplýsingar um verkefnið og aðkomu sveitarfélagsins að því.

Erindi til kynningar

4. 1707234 - Hönnun Sigtúnsgarðs - undirbúningur framkvæmda

Lögð fram fyrstu drög að hönnun Sigtúnsgarðsins og Heiðarvegsróló frá Hermanni Ólafssyni í Landhönnun.

5. 18051696 - Æfinga- og útivistarsvæði fyrir eldri borgara


Lagðar fram til kynningar hugmyndir að æfinga- og útivistarsvæði fyrir eldri borgara á svokölluðu "Sýslumannstúni" á Selfossi.


6. 18051712 - Hagir og líðan ungs fólks í Árborg 2018

Lagt fram til kynningar. Fulltrúar frá Rannsóknnum og greiningu koma síðan í ágúst til að kynna niðurstöðurnar.

Formaður vill koma þökkum til nefndarmanna fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu sem er að ljúka.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 7:40


Kjartan Björnsson



Helga Þórey Rúnarsdóttir


Estelle Bürgel


Axel Ingi Viðarsson


Sesselja Sumarrós

Sigríðardóttir


Bragi Bjarnason